



Sjómannafélag og vélstjórafélag Grindavíkur

HAFNARGÖTU 9 - 240 GRINDAVÍK - Sími 92-68400

Nefndadeild Alþingis
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík

Alþingi

Erindi nr. Þ 1207/1514

komudagur 17/4 1996

Grindavík 15. apríl 1996

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum nr.80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, með síðari breytingum.

Á félagsfundum í Sjómannafélagi og vélstjórafélagi Grindavíkur, þann 14. apríl 1996 var fjallað um frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, með síðari breytingum.

Fundurinn telur frumvarpið í heild sinni alvarlega íhlutun í innri mál stéttarfélaga. Þvert á yfirlýsingar frumvarpshöfunda telur fundurinn frumvarpið rýra sjálfstæði verkalýðsfélaga og minnka völd einstaklinga í þeim. Frumvarpið er því bein árás á verkalýðshreyfinguna og hinn almenna félagsmann.

Það er mikill misskilningur haldi menn að lýðræði sé ekki virt innan stéttarfélaga í dag eða að hinn almenni félagsmaður hafi ekki, eða honum sé ekki gefinn kostur á að hafa veruleg áhrif á allar ákvarðanatökur stéttarfélaga. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir miklum frumskógi reglna um atkvæðagreiðslu um kjarasamninga, um miðlunartillögu og um ákvörðun um vinnustöðvun. Allar tillögur frumvarpsins eru til þess fallnar að gera hinum almenna félagsmanni í stéttarfélagunum, sem vill hafa áhrif á gang mála, erfiðara fyrir en nú er til að hafa þau áhrif. Meðfylgandi er fylgiblað sem sýnir hin ýmsu tilbrigði frumvarpsins um atkvæðagreiðslur (fylgiblað 1). Telji frumvarpshöfundar eða einstakir alþingismenn að í þeim frumskógi felist aukið lýðræði fyrir hinn almenna félagsmann hafa þeir hinir sömu misskilið það hugtak verulega. Rétt er að benda á að stjórnir og trúnaðarráð stéttarfélaga eru lýðræðislega kjörin af félagsmönnum og öllum sem aðild eiga að félaginu gefinn kostur á að hafa áhrif á það kjör. Sama er að segja um afgreiðslu kjarasamninga, miðlunartillagna og tillagna um vinnustöðvun. Í þeim tilvikum sem stjórn og trúnaðarráð félagsins hefur tekið ákvörðun um verkfallsboðun, hefur alltaf verið leitað álits félagsfundar áður. Allir hugsandi menn hljóta að sjá það í hendi sér að verkfall héldi ekki ef meirihluti félagsmanna væri mótfallin þeirri aðgerð til að þrýsta á um gerð samnings.

Augljóst er að frumvarpið er að megin hluta til samið af atvinnurekendum eða mönnum sem vilja minnka áhrif verkalýðshreyfingarinnar í að hlutast til um kaup og kjör félagsmanna sinna. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir verulega auknu valdi ríkissáttasemjara til að leggja fram miðlunartillögu. Samkvæmt frumvarpinu getur sáttasemjari jafnvel lagt fram miðlunartillögu á stéttarfélög sem ekki eiga í kjaradeilu og þannig bundið alla inn í sameiginlega lausn.

Samhliða er stéttarfélagum gert erfiðara fyrir að fella slíka tillögu. Að sögn frumvarpshöfunda er þetta allt til að "auka" lýðræðið í stéttarfélagunum.

Félagsfundur S.V.G. spyr hver tilgangur frumvarpsins sé í raun og veru. Sé hann sá að auka áhrif hvers einstaklings í verkalýðsfélagunum eins og félagsmálaráðherra heldur fram eða sé tilgangurinn að bæta samskiptareglur aðila á vinnumarkaði þá hlýtur ráðherra að hafa lagt fram rangt frumvarp í misgripum. Frumvarpið eins og það lítur út nær á engan hátt framangreindum markmiðum og stefnir reyndar í þveröfuga átt.

Fundurinn hafnar frumvarpinu alfarið og skorar á stjórnvöld að draga það til baka þannig að aðilar vinnumarkaðarins geti áfram unnið í sátt um gerð rammisamnings um samskiptareglur á vinnumarkaði. Því hefur ekki verið mótmælt af verkalyðshreyfingunni að samskiptareglur á vinnumarkaði þurfi að bæta til að gera kjaraviðræður samningsaðila markvissari og skilvirkaði. Eðlilegast er að aðilar vinnumarkaðarins byrji á því að skilgreina vandann og semji síðan í frjálsum samningum sín í milli um það hvernig samskiptareglunum beri að haga. Framangreint starf var hafið þegar frumvarpið kom fram og ekki varð vart við ágreining frá atvinnurekendum um þær hugmyndir sem verkalyðshreyfingin lagði fram í þeim efnum. Með einhliða framlaginu frumvarpsins rauf félagsmálaráðherra grið í málinu. Nái frumvarpið fram að ganga mun það kalla á aukin átök á vinnumarkaði í kjölfarið.

Fundurinn telur ekki ástæðu til að gefa efnislega umsögn um hverja grein frumvarpsins, en ítrekar áskorun um að draga frumvarpið nú þegar til baka.

f.h. Sjómanna og vélstjórafélags Grindavíkur.

Valur Guðmundsson

Atkvæðagreiðslur skv. frumvarpinu:

- I. Kjarasamningur undirritaður, sem nær til allra í félaginu (2. grein).**
- A) Leynileg atkvæðagreiðsla.
Kjarasamningur telst samþykktur nema meiri hluti félagsmanna og minnst 1/5 hluti þeirra hafni honum.
- B) Leynileg póstatkvæðagreiðsla.
Kjarasamningur telst samþykktur ef meiri hluti félagsmanna greiðir atkvæði með honum.
- II. Kjarasamningur undirritaður, sem tekur aðeins til hluta félagsmanna eða starfsmanna fyrirtækis (2. grein).**
- A) Leynileg atkvæðagreiðsla.
Kjarasamningur telst samþykktur nema meiri hluti þeirra sem samningurinn tekur til og minnst 1/3 hluti þeirra hafni honum.
- (Þessi grein á væntanlega við um blönduð eða deildarskipt félög þegar t.d. aðeins sjómenn á fiskiskipum eða sjómenn á farskipum innan félagsins greiða atkvæði um kjarasamning. Hvort á að greiða atkvæði um samning samkvæmt reglu I eða II þegar um samflot sjómannafélaga og sjómannadeilda einstakra aðildarfélaga SSÍ er að ræða? Væntanlega á, skv. frumvarpinu, að greiða atkvæði um slíkan samning samkvæmt þessum lið.)
- III. Miðlunartillaga lögð fram (6. grein liður j).**
- A) Atkvæðagreiðsla á kjörfundi sem stendur ákveðinn tíma.
Miðlunartillaga telst samþykkt nema meiri hluti félagsmanna og minnst 1/3 hluti þeirra hafni henni.
- B) Leynileg póstatkvæðagreiðsla.
Miðlunartillaga telst samþykkt nema meiri hluti félagsmanna og minnst 1/3 hluti þeirra hafni henni.

(Í nágildandi lögum um sáttastörf í vinnudeilum þarf aðeins meirihluta til að fella miðlunartillögu ef þátttaka félagsmanna er 35% eða meiri. Fyrir hvert 1% sem hlutfall þátttöku fer niður fyrir 35% þarf mótatkvæðahlutfallið að hækka um 1% til að fella tillöguna. Fari þátttaka félagsmanna niður fyrir 20% í atkvæðagreiðslunni telst miðlunartillagan samþykkt. - Mun erfiðara verður að fella miðlunartillögu verði framangreind breyting að

lögum. Dæmi: Í 150 manna félagi eru greidd atkvæði um miðlunartillögu. Þátt í atkvæðagreiðslunni taka 60 félagar eða 40%, já segja 10, nei segja 49 og 1 seðill er auður eða ógildur => tillagan er samþykkt. Aðeins vantaði 1 mótaskvæði til að fella tillöguna).

IV. Ákvörðun um vinnustöðvun sem nær til allra í félaginu (4. grein).

- A) Leynileg atkvæðagreiðsla.
Tillaga um vinnustöðvun er samþykkt ef hún fær meiri hluta atkvæða og a.m.k. 1/5 hluti félagsmanna hefur tekið þátt í atkvæðagreiðslunni.
- B) Leynileg póstatkvæðagreiðsla.
Tillaga um vinnustöðvun er samþykkt ef hún fær meiri hluta atkvæða.

V. Ákvörðun um vinnustöðvun sem tekur til ákveðins hóps félagsmanna eða starfsmanna á tilgreindum vinnustað (4. grein).

- A) Tillaga um vinnustöðvun er samþykkt ef hún fær meiri hluta atkvæða og minnst 50% þeirra sem vinnustöðvuninni er ætlað að taka til taka þátt í atkvæðagreiðslunni

(Þessi grein á væntanlega við um blönduð eða deildarskipt félög þegar t.d. aðeins sjómenn á fiskiskipum eða sjómenn á farskipum innan félagsins greiða atkvæði um vinnustöðvun.)